

Jón Kristinn Sólnes, hæstaréttarlögmaður Akureyri.

Afhending 2012/20

Jón Kristinn Sólnes fæddist á Akureyri 17.6.1948 og dó í Reykjavík 12.5.2011. Hann var sonur Jóns G. Sólnes f. 30.9.1910, d. 8.6.1986 og Ingu P. Sólnes f. 12.8.1910, d. 11.9.2003

Hann var tvíkvæntur. Fyrri kona hans hét Dóra Björk Ingólfssdóttir f. 1.8.1949, giftust þau 29.12.1972 og eignuðust tvö börn saman. Seinni konan hans hét Halla Elín Baldursdóttir f. 27.6.1955, giftust þau 15.6.1984 og eignuðust þau tvö börn saman, auk þess átti Halla son af fyrra hjónabandi.

Lauk landsprófi 1964 frá Núpi í Dýrafirði, dvaldist 1964 – 1965 sem skiptinemi í Kaliforníu í Bandaríkjunum, lauk stúdentsprófi frá M.A. 1969 og kandidateprófi frá lagadeild HÍ 1975. 1976 öðlaðist hann réttindi sem héraðsdómslögmaður, 1984 sem hæstaréttarlögmaður og 1988 fékk hann réttindi til fasteigna- og skipasölu.

Samhliða námi var Jón ritari fjárveitinganefndar Alþingis. Eftir það fluttist hann aftur á Akureyri og bjó þar alla ævi.

Jón var einn af stofnendum Lögmennstofunnar ehf. og starfaði sem lögmaður alla ævi. Hann stofnaði Fasteignasöluna Byggð ehf. og rak hana á árunum 1988 – 2008.

Hann sat í bæjarstjórn Akureyrar 1986-1994 og sat þar í nokkrum nefndum.

Hann var formaður skólanefndar Akureyrarbæjar 1998 -2008.

Sat í stjórn Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri 1998 – 2008.

Sat í skólanefnd Menntaskólans á Akureyri 2000 – 2008.

Sat í nefnd um heildarendurskoðun laga um grunnskóla 2006 – 2008.

Formaður yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis 2003 – 2007.

Sat í stjórn Akureyrardeildar Rauða Kross Íslands í áratugi og var formaður hennar 1988-1989 og 1994 – 2000.

Jón var ábyrgðarmaður og stjórnarmaður Sparisjóðs Norðlendinga og Byrs sparisjóðs frá 1980 – 2009. Var formaður stjórnarinnar þar 1993 – 2008 og 2009. Samhliða sat hann í stjórnnum ýmissa félaga á vegum sparisjóðsins.

Þá var hann formaður Sambands íslenskra sparisjóða 2002 – 2005.

Á 11 árum bárust safninu 14 afhendingar með skjölum Jóns og Ingu Sólnes og afkomendum þeirra. Afhendingarnar eru með númerin: 2008/3, 2008/19, 2008/80, 2009/34, 2009/75, 2010/1, 2011/56, 2012/20, 2014/4, 2014/71, 2015/34, 2016/40, 2016/50 og 2019/74.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

20.5.2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2012 / 20

## A-Jón Kr. Sólnes

## A-Jón Kr. Sólnes

## 1968 - 2004

A	1	1	1983 - 1983	Alþingiskosningar 1983: Kjörbref frambjóðenda í Norðurlandskjördæmi eystra til Alþingiskosninga 1983 Yfirlitsskýrslur Alþingiskosninganna 1983 frá Norðurlandskjördæmi eystra Innkomin og útsend bréf til yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra Skýrsla yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra vegna Alþingiskosninganna 1983
A	1	2	1979 - 1980	Alþingiskosningar 1979: Kjörbref frambjóðenda í Norðurlandskjördæmi eystra til Alþingiskosninga 1979 Yfirlitsskýrslur Alþingiskosninganna 1979 frá Norðurlandskjördæmi eystra Innkomin og útsend bréf yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra Skýrsla yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra vegna Alþingiskosninganna 1979
A	1	3	1974 - 1978	Alþingiskosningar 1978: Innkomin og útsend bréf yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra Endurrit úr gjörðabók yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra 1978 Skýrsla yfirkjörstjórnar vegna Alþingiskosninganna 1978 Yfirlitsskýrslur Alþingiskosninganna 1978 frá Norðurlandskjördæmi eystra Tilkynning um kosningu yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra 1974
A	2	1	1988 - 1992	Forsetakosningar 1988: Innkomin og útsend bréf yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra 1988 -1992 Endurrit úr gjörðabók yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra 1988 Skýrsla yfirkjörstjórnar vegna forsetakosninganna 1988 Meðmælandalisti vegna forsetaframboðs frambjóðenda
A	2	2	1980 - 1984	Forsetakosningar 1984 og 1980: Innkomin og útsend bréf yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra 1980 og 1984 Útdráttur úr gjörðabók yfirkjörstjórna Norðurlandskjördæmis eystra 1980 Skýrsla yfirkjörstjórnar vegna forsetakosninganna 1980 Yfirlitsskýrslur Forsetakosninganna 1980 frá Norðurlandskjördæmi eystra
A	2	3	1968 - 1968	Forsetakosningar 1968: Innkomin bréf til yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra 1968-1968
A	3	1	1991 - 1991	Alþingiskosningar 1991: Innkomin og útsend bréf yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra Skýrslur undirkjörstjórna Norðurlandskjördæmis eystra Talning atkvæða á yfirstrikuðum kosningaseðlum Endurrit úr gjörðabók yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra 1991 Skýrsla frá yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra til landskjörstjórnar um úrslit Alþingiskosninga 1991 Skýrslur yfirkjörstjórnar vegna Alþingiskosninga 1991
A	3	2	1987 - 1987	Alþingiskosningar 1987: Innkomin og útsend bréf yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra. Skýrslur frá yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra til landskjörstjórnar um úrslit Alþingiskosninga 1987. Talning á einstaklingsatkvæðum innan framboðslista Endurrit úr gjörðabók yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra 1987. Endurrit af fundargjörðum funda haldnir 30. og 31. mars 1987. Skýrslur yfirkjörstjórnar til Hagstofu um Alþingiskosningar 1987 í

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
A	4	1	1995 - 1995	Alþingiskosningar 1995: Innkomin og útsend bréf yfirkjörstjórnar Norðurlands eystra Endurrit af fundargjörðum yfirkjörstjórnar Norðurlands eystra Skýrslur yfirkjörstjórnar Norðurlands eystra til landskjörstjórnar Niðurstöður yfístrikana og endurnúmeringu Skýrslur yfir- og undirkjörstjórnar Norðurlands eystra til Hagstofunnar.
A	4	2	1995 - 1995	Alþingiskosningar 1995: Fundargjörð landskjörstjórnar þar sem farið er yfir alla listana sem voru í framboði Bréf þessu lútandi Sýnishorn af atkvæðaseðli Framboðslistar í Norðurlandskjördæmi eystra Meðmælalistar fyrir framboðslistana. Innkomin og útsend bréf yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra
A	5	1	2004 - 2004	Forsetakosningar 2004 Reikningar vegna vinnu yfirkjörstjórnar og keyptrar þjónustu við forsetakosningarnar 2004 Kvittanir vegna póstsendinga Innkomin og útsend bréf yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis Eftirrit fundargjörða yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis Leiðbeiningar um Alþingiskosningar á kjörfundi